



**Stjórnarfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum, þriðjudaginn 15. september kl. 10:00.**

Mætt: Björn Ingimarsson, Vilhjálmur Jónsson, Rannveig Þórhallsdóttir (í fjarfundi), Þórdís Sveinsdóttir (í fjarfundi) og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Forföll: Tinna Jóhanna Magnusson.

**Dagskrá:**

1. Fjárhagsáætlun 2024.
2. Skýrsla safnstjóra
3. Önnur mál

**1. Fjárhagsáætlun 2024**

Fjárhagsáætlun 2024 lögð fram. Elsa Guðný kynnti áætlunina og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. *Stjórn Minjasafns Austurlands samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2024.*

**2. Skýrsla safnstjóra**

Elsa Guðný fór yfir það sem hæst hefur borið í starfsemi safnsins frá síðasta fundi.

**Fræðsluferð**

Starfsfólk safnanna í Safnahúsinu fór í vel heppnaða sameiginlega fræðsluferð til Húsavíkur föstudaginn 12. maí og heimsótti Safnahúsið á Húsavík og Hvalasafnið.

**Alþjóðlegi safnadagurinn**

Alþjóðlegi safnadagurinn var 18. maí síðastliðinn og var þema hans að þessu sinni *söfn, sjálfbærni, vellíðan*. Í tilefni þess stóð safnið fyrir fataviðgerðarsmiðju í samstarfi við Soroptimistaklúbb Austurlands þann 16. maí og sett var upp sýning með gripum sem bera vitni um nýtni fyrri kynslóða. Þá tók starfsfólk safnsins yfir Instagram reikning safnadagsins í einn dag.

**Sumarið:**

Sumarsýningin safnsins bar yfirskriftina *Ferðalög fyrr á tímum*. Þar voru sýndir gripir úr safnkostinum sem tengjast ferðalögum og fróðleikur og ljósmyndir um efnið. Sýningin var opnuð á 17. júní og frítt inn í tilefni dagsins. Um 130 manns lögðu leið sína í safnið þann dag.

Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa réðu sameiginlegan sumarstarfsmann sem gafst afar vel fyrir utan að vegna ólíks opnunartíma safnanna nýttist hann Minjasafninu illa um helgar. Nauðsynlegt var því að ráða annan starfsmann til að sinna flestum helgunum.

Gestafjöldi hefur aldrei verið meiri og síðastliðið sumar og er þar eingöngu um að ræða fjölgun sem tilkomin er vegna gesta skemmtiferðaskipa.

**BRAS**

Eins og undanfarin ár mun Minjasafn Austurlands bjóða skólum í Múlaþingi upp á smiðjur í tengslum við Bras, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Markmiðið er sem fyrr að tengja menningararfinn við skapandi vinnu og að þessu sinni verður unnið með óáþreifanlegan menningarar. 5. bekkur í Egilsstaðaskóla kemur í safnið og fær að kynnst tóvinnu en Brúarásskóli, Djúpavogsskóli, Fellaskóli og Seyðisfjarðarskóli fá til sín tvær farandsmiðjur. Annars vegar mun Eyjólfur Eyjólfsson

tónlistarmaður og þjóðfræðingur kynna fyrir þeim langspil og baðstofumeningu og hins vegar mun Bjarki Sigurðsson kenna tálgun.

### **Samstarf við Tjarnarskóg**

Samstarf við leikskólann Tjarnarskóg er að fara af stað níunda skólaárið í röð en það felst í því að einn árgangur skólans kemur í fjórar skipulagðar heimsóknir á safnið yfir skólaárið.

### **Farskóli FÍSOS**

Farskólinn, árleg fagráðstefna Félags íslenskra safna og safnmanna, fer fram í Amsterdam 10.-13. október næstkomandi. Elsa mun sækja skólann fyrir hönd safnsins.

### **Afmæli**

Í ár eru 80 ár frá því að Minjasafn Austurlands var stofnað. Í tilefni af því var merki safnsins sett í afmælisbúning og sá Perla Sigurðardóttir hönnuður um það. Í sumar hafa birst sérstakir afmælisfróðleiksmolar á vef safnsins þar sem fjallað hefur verið um ákveðin atriði úr sögu þess. Meira verður gert á samfélagsmiðlum, t.d. er ætlunin að birta 80 instagram færslur á 80 dögum frá og með afmælisdeginum.

### **Viðburðir**

Stefnt á sýningu og fyrirlestur í tengslum við uppgröftinn í Firði nú í haust.

Stefnt á viðburði í tengslum við Daga myrkurs og á aðventu.

### **Starfsmannamál**

Eyrún Hrefna er komin aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Hanna Christel verður áfram í ákveðnum verkefnum tengdum BRAS þar til þeim er lokið.

### **Húsnæðismál**

Bygginganefnd fyrir viðbyggingu við safnahúsið er starfandi og vinna með arkitektum yfirstandandi. Framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á næsta ári gætu þýtt að tæma þurfi geymslur í safnahúsinu en ekki útlit fyrir önnur áhrif á starfsemi eða opnun safnsins

### **Eftirlit safnaráðs**

Safnið fékk heimsókn frá eftirlitsaðila Safnaráðs í september en safnaráði er samkvæmt lögum falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum. Eftirlitið hófst með því að safnið fékk sendan viðamikinn spurningalista árið 2018 og í kjölfarið tillögur um það sem betur mætti fara. Heimsókn eftirlitsaðilans er liður í að athuga hvernig til hafi tekist og hvort gera þurfi frekari útbætur. Í kjölfar heimsóknarinnar fær safnið tilkynningu um að safnið hafi staðist eftirlitið ef safnaráð og eftirlitsaðilinn meta að svo sé. Ef frekari úrbóta er þörf eru næstu skref metin af safnaráði.

Eftirlitsaðilinn skoðaði m.a. aðstöðuna sem safnið leigir af Múlaþingi við Smiðjusel í Fellabæ og kom með tillögur að ákveðnum úrbótum til að bæta aðstöðuna. Rætt um að eðlilegt væri að eigandi annist viðhald og endurbætur og að málinu yrði komið í farveg innan eignasjóðs sem fyrst.

### **3. Önnur mál**

Björn upplýsti um að starfshópur um framtíðarrekstrarfyrirkomulag safnsins myndi hittast á sínum fyrsta fundi í kjölfar stjórnarfundarins.

Elsa Guðný upplýsti um framvindu vinnu við Menningarstefnu Múlaþings en starfsfólk safnsins hefur sótt fundi í tengslum við hana.

Elsa Guðný upplýsti um að fulltrúar Þjóðminjasafnsins hefðu rætt málefni Galtastaða við hana í sumar. Framkvæmdir hafa staðið yfir þar í sumar og markmiðið er að opna bæinn fyrir gestum. Hjá Þjóðminjasafninu er vilji til samstarfs um reksturinn. Rætt um aðgengi að húsinu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Ýmsar hugmyndir um tilhögun ræddar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50.  
Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson